

3. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2014-2015

Haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2014 kl. 17:00 í Gamla Skóla

Mætt voru: Jón Stefán Baldursson, Harpa Hjarðar, Ester Stefánsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Þuríður Árnadóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir og Herdís Zóphóníasdóttir námsráðgjafi. Auk þess mætti Anna Hildur Guðmundsdóttir, dagskrárstjóri SÁÁ á norðurlandi, á hluta fundar sem gestur.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Rætt var um bréf frá foreldrum þar sem kvartað er undan framkomu tveggja kennara. Fjölmiðlar höfðu afspurn af umræðu um þetta mál og er það leitt, en verið er að vinna úr málinu réttilega innan skólans og það er það sem skiptir máli. FORMA tekur ekki afstöðu til fjölmiðlaumræðu en bíður þess að unnið verði úr málinu innan skólans og vonar að umræða meðal nemenda og aðstandenda verði réttlát og af heilindum.
3. Rætt var um könnun vegna skálaferða nýnema og farið yfir framkvæmd hennar. Jóhanna kynnti fundinum ábyrgð gagnvart persónuvernd við slíkar kannanir og lagði fram framkvæmdaáætlun sem miðar að því að þeirrar ábyrgðar sé gætt. Áður en könnun verður framkvæmd verður sendur tölvupóstur til aðstandenda þar sem leitað verður eftir samþykki fyrir þátttöku ólögráða nemenda með neitunartíma. Þegar því ferli lýkur verður könnunin send út á netföng nemenda í 1. bekk þannig að nafnleysi þátttakenda verður tryggt. Jóhanna mun fara með umsjón og úrvinnslu á könnun fyrir hönd félagsins.
4. Erindi barst frá foreldri er lýsti áhyggjum sínum varðandi partyhald 16 og 17 ára barna. Anna Hildur Guðmundsdóttir mætti á fundinn til að ræða þessi mál og áhættu af neyslu áfengis- og vímuefna því tengt. Nokkuð var rætt um mögulegar aðferðir til að taka á þessum vanda og ákveðið var að útbúa bréf til foreldra sem bendir þeim á hættu sem stafar af þeim efnum sem í gangi eru, ábyrgð ábyrgðaraðila samkoma, og hvetja til samræðna við börnin sem og vakanda yfir félagshegðun þeirra. Mun Jón Stefán stýra því verkefni. Einnig var ákveðið að kanna möguleika þess að markviss forvarnafræðsla fái sess í gegnum lífsleiknikennslu innan skólans, mun Herdís kanna málið.

5. Rætt var um hvernig standa bæri að útsendingum á póstum frá félaginu og hvort ekki væri haganlegast að það væri gert frá netfangi sem tengist skólanum, núverandi uppsetning netfangs FORMA leyfir aðeins móttöku skilaboða en ekki sendingu. Mun Herdís biðja um uppsetningu netfangs þannig að félagið geti sent frá því einnig.
6. Kjartan Ólafsson, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, hefur tekið vel í að flytja fræðsluerindi fyrir foreldra um áfengisneyslu unglunga og er sem áður stefnt að því að halda fræðslufund í febrúar.

Þá er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. desember kl. 17:00 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.